

Leitin að salnum verður leikur einn

- Vefsíðan Salir.is býður handhægt yfirliti yfir sali til ýmissa nota
- Var áður mikill vandi fyrir fólk og fyrirtæki að finna rétta salinn
- Númer hjá húsvörðum gengu manna á milli og ekki allir sátir við valkostina
- Kröfur neytenda hafa aukist og framboðið batnað um leið

Asgeir Ingvarsson
ai@mbl.is

Pegar Bjarki Guðmundsson var við nám í grafískri hönnun við Listaháskólann kviknaði hjá honum hugmynd sem miðaði að því að auðvelda listamönnum erlendis að undirbúa sýningar sínar á Íslandi. Hann tók til við að kortleggja og ljósmynda helstu sýningarrými en kom fljótlega auga á annað og stærra gat á markaðinum. Úr varð vefsíðan Salir.is þar sem finna má langa lista af söllum til ýmissa nota, hvort sem vantar vettvang fyrir fund, veislu eða íþróttasal fyrir boltaleik með félögunum.

Gengu manna á milli

„Þetta eru sennilega orðin 10-12 ár síðan ég varð var við að tölvuend eftirspurn var eftir söllum og rýmum af ýmsum tagi en um leið erfitt fyrir fólk og fyrirtæki að finna einmitt staðinn við hæfi. Það var helst þannig að fregnir af góðum rýmum bærust manna á milli og ættingjar og kollegar skiptust á númerum hjá húsvörðum og umsjónamönnum hér og þar. Fólk var oft á sama staðnum, og kannski ekki alveg hæstánægt með aðbúnaðinn enda oft um að ræða sali sem voru einskonar afgangsstærð í félagasamtökum eða rekstri hótela og veitingastaða,“ útskýrir Bjarki.

Sérstaðan til skila

Hann hófst handa við að leita upplýsinga hjá kunningjum sínum um hvar góða sali væri að finna, og smáan saman hefur safnið stækkað og batnað en á Salir.is má leita eftir notkunarmöguleikum, stærð og staðsetningu. „Við reynum líka að koma til skila sérstöðu hvers staðar fyrir sig. Salur er jú meira en bara rýmið sjálft, og hangir saman með því sem er fyrir utan og þeim möguleikum sem kostur er á fyrir innan. Sumir þurfa net tengingar og fjarfundartæki á meðan aðrir vilja vera úti í náttúrunni eða með aðgengi að alls kyns viðbótarþjónustu.“

Bjarki segir það einn helsta styrkleika síðunnar að upplýsingarnar sem þar er að finna eru hlutlausar og ekki um það að ræða að sumum valkostum sé hampað á kostnað annarra. „Þeir viðskiptavinir sem heimsækja vefinn geta gengið að því vísu að aðstandendur síðunnar hafa engra sérhagsmuna að gæta.“

Leitin stórlega auðvelduð

Bjarki bendir á að þessi þjónusta



Morgunblaðið/Ernir

Betri nýting Bjarki Guðmundsson segir að eftir miklu geti verið að sækjast t.d. hjá félagasamtökum að auka útleigu á þeim rýmum sem eru á lausu.

auðveldi til muna leitina að góðum sal en geti um leið verið verðmæt tekjulind sem gerir seljendum kleift að koma aðstöðu sinni auðveldlega á framfæri við neytendur. „Ferlið fer þannig fram að seljendur hafa samband við okkur og borga mjög hóflegt árlegt skráningargjald. Við vinnum upplýsingar um aðstöðuna í samráði við hvern og einn og listum með skýrum hætti hvað er í boði á hverjum stað. Ef þarf getum við einnig farið á staðinn og tekið vandaðar myndir, og jafnvel svokallaðar hringmyndir sem sýna gestum á síðunni aðstöðuna nánast eins og þeir séu á staðnum,“ segir Bjarki og áréttar að ekki sé um að ræða

neina sölu- eða umboðsþóknun. „Viðmiðið er að skráningargjaldið fyrir árið nemi hér um bil leigu eins dags, svo ekki þarf nema ein sala að koma til í gegnum vefinn til að áskriftin byrji að borga sig fyrir seljandann. Sennilega eru það bestu meðmælin að hingað til hefur enginn afpantað skráningu sína á Salir.is sem á annað borð hefur komið inn, svo ávinningurinn hlýtur að vera góður fyrir seljendur.“

Salirnir upp á yfirborðið

Neytendur geta síðan sparað sér tímafrelka og oft á tíðum erfða leit enda vefurinn fullur af myndum og upplýsingarnar eiga að koma því

til skila sem máli skiptir. „Mjög auðvelt er að senda fyrirspurn í gegnum vefinn, og vega og meta þá kosti sem eru í boði. Ekki þarf að aka um langan veg á milli staða til að taka aðstöðuna út, og um leið sleppa seljendur við að þurfa að sýna salina væntanlegum kaupendum í tíma og ótíma,“ segir hann. „Það sem meira er, að oft er djúpt á upplýsingum um sali hjá þeim sem á annað borð bjóða þá til leigu. Hjá félagasamtökum eru upplýsingarnar kannski djúpt inni í heimasíðum þeirra, og jafnvel hjá hótelum höfum við séð tilvik þar sem ekki hefur verið að því hlaupið að grafa upp upplýsingar um fundar- og veislumöguleika.“

Meiri tekjur og meiri gæði

Með betri yfirsýn yfir framboðið eiga neytendur að geta fengið meira fyrir peninginn, að sögn Bjarka. Hann bendir þó einnig á að þar með sé ekki sagt að þeir sem leigja aðstöðuna út verði af tekjum. „Sem dæmi má nefna að margir leita í að leigja sal án þjónustu og veitinga þegar haldin er veisla, og ætla að spara með því að annast matargerð og framreiðslu sjálfir. Með því að auðvelda yfirsýn yfir valkostina koma hins vegar margir auga á að hagkvæmari er að leigja salinn með mat og þjónustu, enda geta fagaðilar oft haft aðgang að hagkvæmari aðföngum og kunna að áætla magn, innkaup og annast alla skipulagningu betur.“

Bjarki nefnir einnig að með bættri yfirsýn yfir úrvalið hafi framboðið batnað og stækkað. „Fólk er orðið kröfuharðara á hvað það setur peningana í, en um leið njóta seljendur góðs af sýnileikanum með auknum tekjum, og hafa þá aftur ráð á að leggjast í endurbætur á aðstöðunni.“

Sýnir erlendum gestum möguleikana

Að sögn Bjarka hafa erlendir aðilar verið duglegir að hafa samband gegnum vefsíðuna. Hann segir aukinn sýnileika og auðveldara aðgengi að þeirri aðstöðu sem í boði er hringinn í kringum landið geta skapað nýja möguleika. „Erlent fyrirtæki sem býður starfsmönnum sínum hingað til lands kemur kannski auga á að fyrirtaks aðstaða er fyrir góðan vinnufund eða viðburð í borginni eða á ferð um landsbyggðina. Þannig kvikna hugmyndir að nýjum lausnum og leiðum til að búa til betra ferðalag.“

Ný útgáfa af Salir.is er einmitt að fara í loftið gagnert til að mæta þörfum þessa hóps, þar sem allar upplýsingar verða aðgengilegar á ensku. „Aðstaðan hér á landi er víða á heimsmælikvarða enda fjárfestu margir í endurbótum og breytingum í uppgangi síðustu ára. Hljóð, lýsing og alls kyns fundarbúnaður er af fullkominu sort og alls ekki ólíklegt, eins og gengið er á krónunni í dag, að víða séu menn mjög samkeppnishæfir í verði borðið saman við samskonar aðstöðu erlendis.“

Umhverfið skiptir máli

Góður fundur eða veisla þarf oft meira en bara einn rúmgóðan sal. Bjarki bendir á að alls kyns aukahlutir og aðstaða fyrir utan salinn geti kórónað viðburðinn. „Margir sækja t.d. í að halda uppákomurnar þar sem gestir geta brugðið sér út úr húsi og notið náttúrunnar, eða kannski komist í sund eða gufubað,“ útskýrir hann. „Á fundum eru oft en ekki stærstu ákvarðanirnar teknar í setustofunum eða við matarborðið frekar en inni í sjálfum fundarsalnum og þá skiptir máli að hafa þessháttar aðstöðu til taks.“

Bjarki vonast einnig til að síða eins og Salir.is hjálpi fólk að koma auga á nýja notkunarmöguleika og veiti jafnvel innblástur fyrir viðburði. „Umgjörðin getur kveikt þá hugmynd að t.d. skipuleggja list-sýningu, tónleika eða námskeið, hugsanlega stuðlað að skemmtilegum viðburði í bæjarlífinu og orðið tekjulind fyrir hóp fólks.“



Morgunblaðið/RAX

Möguleikar Mörgum þykir gott ef gestir á fundi eða veislu geta t.d. brugðið sér í laug eða andað að sér fersku lofti í náttúrunni. Úr Bláa lóninu.

Aukinn sýnileiki og notkun á aðstöðunni gefur síðan angaleið að skapar tekjulind fyrir staðarhaldara. „Allt of oft eru rými af þessum toga meira eða minna ónotuð og tóm lungann úr árinu. Að geta

komið fundarherberginu, íþróttasalnum eða safnaðarheimilinu í útleigu tvisvar, þrisvar í viku yfir verinn getur verið mikil búbot fyrir félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki.“

KEILA
LEIKTÆKI
POOL
TÖLVUSPIL
PYTHOKKÍ
VEITINGASALUR
OG FL.
KOMDU OG
LEIKTU...

KEILUHÖLLIN
HEILL HEIMUR AF SKEMMTUN

www.keiluhollin.is

Opið sunnud. - fimmtud. frá 11:00 - 24:00 og föstud. og laugard. frá kl 11:00 - 01:00

Keilupantanir í síma 511 5300 alla virka daga kl. 10:00 - 15:00 eða á keiluhollin@keiluhollin.is

RÁÐSTEFNUR
FUNDIR
HÓPEFLI

Rubin

Veislusalur Öskjuhlíð - upplýsingar í s. 617 1111 - www.rubin.is